

Reykjavík, 15. mars 2012

Umsögn um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (fjöldi sveitarstjórnarfulltrúa og efling íbúalýðræðis), 258. mál.

Frá Samfylkingunni

Samfylkingin þakkar fyrir þetta tækifæri til að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Stjórn sveitarstjórnarráðs flokksins var falin umfjöllun um það.

Inntak frumvarpsins snýr annars vegar að fjölgun fulltrúa í sveitarstjórnnum og hins vegar að íbúalýðræði. Í ályktun landsfundar Samfylkingarinnar í október 2011 um sveitarstjórnarmál, sem bar yfirskriftina Efling sveitarstjórnarstigsins var fjallað um stöðu sveitarstjórnarstigsins m.a. með eftirfarandi hætti: *Forsenda þess að sveitarfélög geti tekist á við aukin verkefni er frekari sameining sveitarfélaga og nánari samvinna innan landshlutanna. Áfram skal stuðlað að sanngjarnri tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og samstarf þessara stjórnarsýslustiga styrkt. Tekjustofnar sveitarfélaga verði styrktir og sjálfsákvörðunarréttur þeirra til að ráða sínum eigin málum virtur. Síðari ályktuninni segir um íbúalýðræði og sveitarfélög: Samfylkingin telur að þróun íbúalýðræðis og aukið samráð sé mikilvæg á vettvangi sveitarstjórna til að auka áhrif íbúa á umhverfi sitt. Vinnubrögð þjóðfundar og stjórnlagaráðs sem og reynsla einstakra sveitarfélaga af auknu samráði við íbúa og íbúakosningum auðvelda vinnu að frekari þróun þess. Þá gefa ný sveitarstjórnarlög ótvíræð tækifæri til að þróa markvisst samráð og íbúalýðræði.*

Samfylkingin mælir ekki með samþykkt þessa frumvarps, heldur vísar til nýrra sveitarstjórnarlaga einkum varðandi virkt samráð og íbúalýðræði og telur ekki að nauðsynlegt sé að fjölga fulltrúum í sveitarstjórnnum með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu. Leggja beri áherslu á sameiningu sveitarfélaga og nána samvinnu landshluta.

Með kveðju

Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi  
formaður sveitarstjórnarráðs